



Ágústa Elín
Ingþórsdóttir
náms- og starfsráðgjafi
agusta@bhs.is



Aron Tómas
Haraldsson
félags- og forvarnarmálaráðgjafi
aron@bhs.is



Eiríkur Ellertsson
dyslexíuráðgjafi
eirikur@bhs.is



Hanna Björg
Vilhjálmsson
félags- og forvarnarmálaráðgjafi
hannabjorg@bhs.is



Ívar Rafn Jónsson
félags- og forvarnarmálaráðgjafi
ivarr@bhs.is



Óttar Ólafsson
náms- og starfsráðgjafi
ottar@bhs.is

Stuðningsþjónusta Borgarholtsskóla

- þannig að hver einstaklingur njóti sín -

Heimasíða stuðningsþjónustu

<http://www.bhs.is/studningur/>



Náms- og starfsráðgjafar

Í skólanum starfa tveir náms- og starfsráðgjafar og er hlutverk þeirra að standa vörð um velferð nemenda. Það gera þeir með því að veita ráðgjöf og stuðning um atriði sem tengjast námi nemenda, persónulegum málum og náms- og starfsvali. Má þar m.a. nefna:

- Ráðleggingar um vinnubrögð í námi
- Ráðgjöf um persónuleg mál:
 - Prófkvíða
 - Þunglyndi
 - Samskiptavandamál
 - Námsleiða
 - Fjárhagserfiðleika
 - Langtímaveikindi
- Aðstoð vegna fötlunar eða hömlunar
- Ráðgjöf um námsval og brautarskipti
- Áhugasviðskannanir
- Upplýsingar um nám hér á landi og erlendis

Öll samskipti við náms- og starfsráðgjafa eru í algjörum trúnaði

Skrifstofur náms- og starfsráðgjafa eru á 2. hæð (skrifstofuálm) og 3. hæð (stofa 309).

Hægt er að senda fyrirspurnir eða panta tíma með tölvupósti á netföngin agusta@bhs.is og ottar@bhs.is

Dyslexíuráðgjafi

Hlutverk dyslexíuráðgjafa er að veita nemendum með lestrarörðugleika persónulegan og faglegan stuðning. Í þessu felst m.a. að:

- Veita lesblindum nemendum persónulegan stuðning sem hjálpar þeim að byggja upp jákvæða sjálfmynd
- Kanna lestrarhæfni nemenda (hóppróf á hverri önn)
- Upplýsa nemendur um stuðning sem þeir geta fengið
- Veita nemendum fræðslu og þjálfun í námstækni sem auðveldar þeim námið
- Vinna að hagsmunamálum nemenda með dyslexíu
- Aðstoða nemendur að komast í einstaklingsgreiningu
- Nemendur fá upplýsingar og þjálfun í stuðningstækni s.s. leiðréttingarforrit, hljóðdiska o.fl.

Skrifstofa dyslexíuráðgjafa er á 3. hæð (stofa 318). Upplýsingar um viðtalstíma eru á vefsíðu og upplýsingaskjáum. Hægt er að senda fyrirspurnir eða panta tíma með tölvupósti á eirikur@bhs.is

Félags- og forvarnafulltrúar

Starf félags- og forvarnafulltrúa felst í því að hafa áhrif á viðhorf og hegðun ungs fólks og hvetja það til að velja heilbrigðan lífstíl. Mikilvægt er að leggja áherslu á viðtækar forvarnir sem beinast að mörgum þáttum í samfélaginu.

- Vinna að heilbrigðu og fjölbreyttu félagslífi með nemendum
- Stuðla að fyrsta stigs forvörnum
- Eru í nánú samstarfi við nemendafélag skólans
- Eru gæsluaðilar á skólaböllum
- Eru til viðtals fyrir nemendur og forráðamenn þeirra
- Taka þátt í stefnumörkun og framkvæmd forvarna í viðkomandi skóla
- Stuðla að því að forvarnir í víðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans
- Sjá um að fá fræðslu sem tengist forvörn-um fyrir starfsmenn, nemendur og foreldra
- Vinna að því að forvarnir séu hluti af formlegu og óformlegu skólastarfi

Hægt er að senda fyrirspurnir eða panta tíma með tölvupósti á aron@bhs.is, hannabjorg@bhs.is eða ivarr@bhs.is

Viðtalstímar eru auglýstir á skrifstofu á 2. hæð.

